

# Fundur FP

Fimmtudagur 16. maí 2024



FÉLAG  
PÍPULAGNINGAMEISTARA



# Greining á hæfnipörf og hagtölum í pípulögnum

16. maí 2024

Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI



FÉLAG  
PÍPULAGNINGAMEISTARA



# Efni

1. Tölur Hagstofunnar um stöðu greinarinnar
2. Rekstur félaga í FP
3. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsmanna FP um færniþörf



# Staða og þróun greinarinnar

Sérvinnsla Hagstofunnar

ÍSAT 43.22 Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa



# Fjöldi starfandi tæplega 1.400

Starfandi í greininni hefur ríflega tvöfaldast á síðastliðnum tíu árum



# Fjöldi fyrirtækja 328 og hefur tæplega tvöfaldast á áratug

Meðalfjöldi starfsmanna í hverju fyrirtæki hefur hækkað úr 3,5 í 4,2 á áratug




# Rekstrartekjur tæplega 32 ma.kr. árið 2022


Hafa ríflega þrefaldast á áratug á föstu verðlagi



## Rekstrartekjur



## Meðaltekjur á fyrirtæki




# Launakostnaður hefur hækkað


Hækkun vegna fjölgunar starfsmanna og hækkun raunlauna



## Launakostnaður




## Meðaltal launakostnaðar á starfsmann





# Launakostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum

Hækkar í niðursveiflu en lækkar í uppsveiflu




# Hagnaður skv. ársreikningi hefur aukist


Í milljónum króna á verðlagi ársins 2022



## Hagnaður




## Meðalhagnaður á fyrirtæki




# Hagnaður sem hlutfall af tekjum

Nokkuð góður nú sögulega séð



# Skuldir og eigið fé sem hlutfall af eignum

Fyrirtækin í greininni standa sterkari m.t.t. skulda og eiginfjár



## Sérvinnsla - Hagstofan

2022



Fjöldi fyrirtækja  
**300**

Fjöldi starfsmanna  
**1.227**

Tekjur  
**31,9 ma.**

Hagnaður  
**2,9 ma.**

Eignir  
**17,1 ma.**

Skuldir  
**8,7 ma.**

Eigið fé  
**8,4 ma.**

Arðsemi eigin fjár  
**34,8%**


Eiginfjárhlutfall  
**49,4%**

# Rekstur félaga í FP

ÍSAT 43.22 Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa



2022




ÍSAT 43.22 Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa

# Niðurstöður spurningakönnunar

Mannauðs- og færniþörf fyrirtækja í Félagi þípulagningarmeistara




Hafa erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk heft vöxt  
fyrirtækisins á síðustu árum?




■ Já ■ Hvorki né ■ Nei

Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta  
færniþörf þíns fyrirtækis litið til næstu fimm ára?



■ Já ■ Nei ■ Veit ekki / vil ekki svara

## Starfsfólk í pípulögnum




■ Íslenskir pípárarar ■ Erlendir pípárarar ■ Nemar ■ Aðrir



Af þeim **257** sem starfa hjá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni eru **133** eða **52% fullmenntaðir í pípulögnum**. Af þeim eru erlendir pípárarar 67 eða um 26%. Nemar sem starfa hjá fyrirtækjunum eru 62 eða 24%.

# Áætluð árleg þörf fyrir pípulagningarmenn og fjöldi útskrifaðra með sveinspróf á ári






xx. maí 2024


## Fyrirtæki í pípulögnum þurfa að ráða 360 pípara á næstu fimm árum

Stjórnendur fyrirtækja í pípulögnum innan Félags pípulagningameistara áætla að ráða þurfi 360 pípara á næstu fimm árum. Stjórnendur segja að skortur á starfsfólki hafi heft vöxt fyrirtækja í greininni á síðustu árum. Samkvæmt könnun sem **Outcome** framkvæmdi í apríl til maí fyrir Samtök iðnaðarins segjast 88% stjórnenda fyrirtækja í pípulögnum að erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk hafi heft vöxt fyrirtækisins á síðustu árum. Ekki nema 24% segja að svo hafi ekki verið og 8% segja hvorki né.

Hafa erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk heft vöxt fyrirtækisins á síðustu árum?




Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta færniþörf fyrirtækisins lítið til næstu fimm ára?



Samtök iðnaðarins telja að lítið til næstu ára sé ljóst að vandræði blasa við varðandi misræmi milli færniþarfur fyrirtækja og þess hvað innlent menntakerfi nær að anna. Samkvæmt könnuninni segja 28% stjórnenda fyrirtækja í pípulögnum að innlent menntakerfi muni ekki mæta færniþörf þeirra fyrirtækis lítið til næstu fimm ára. 40% segja hins vegar að innlent menntakerfi muni mæta þessari færniþörf og 32% segjast ekki vita það eða vilja ekki svara.


Samkvæmt niðurstöðum könnunar **Outcome** þurfa fyrirtæki í pípulögnum að ráða 475 manns á næstu fimm árum. Af þeim þarf greinin 300 pípulagningarmenn eða um 72 á ári. Þetta er nokkuð meira en sá fjöldi pípara sem hefur á síðustu árum lokið sveinsprófi en að jafnaði hafa 35 lokið slíku prófi á ári síðustu fimm árin. Ljóst er að fjölga þarf menntuðum í pípulögnum sem ljúka sveinsprófi á næstu árum ef mæta á færniþörf greinarinnar. Að öðrum kosti er viðbúið að skortur á starfsfólki muni áfram hefta vöxt í greininni.

Áætluð árlag þörf fyrir pípulagningarmenn og fjöldi útskrifaðra með sveinsprófi á ári



Heildarfjöldi starfandi í pípulögnum var tæplega 1.400 í upphafi þessa árs samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands og hefur þeim fjölgað um ríflega 700 yfir síðustu tíu ár sem er ríflega tvöföldun. Greinin er afar mikilvægur hluti byggingariðnaðar hér á landi og byggist starfsemi hennar fyrst og fremst á menntuðu starfsfólki í pípulögnum. Fjöldi starfandi í pípulögnum var rétt um 8% af heildarfjölda starfandi í byggingariðnaði í upphafi þessa árs. Gangi áætlanir stjórnenda eftir verður heildarfjöldi starfandi í greininni orðin ríflega 1.850 árið 2028.

Fjöldi starfandi  
ÍSAT 43.22 Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftfræstikerfa




Aðspurðir um hvaða sérfræðiþekkingu fyrirtækinu vanti á næstu fimm árum segja stjórnendur fyrirtækjanna að fyrst og fremst sé þörf á hæfum og reynslumiklum pípara. Þurfa þessir aðilar að geta sinnt ýmsum ólíkum störfum innan greinarinnar í pípulögnum og viðhaldi. Áhersla er á aðila með fagmenntun og reynslu. Þá vantar einnig verkfræðinga og fólk með aðra sérþekkingu.

Mikil þörf er á innviða- og íbúðauppgyggingu hér á landi lítið til næstu ára. Samtök iðnaðarins telja líklegt að þörfin fyrir pípara verði meiri en niðurstöður könnunarinnar sýna ef farið verður í það af fullum punga að mæta uppsafnaði viðhalds- og nýjfarfestingaþörf í innviðum hagkerfisins.

Heildarfjöldi starfsfólks þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni er 257. Af þeim eru 133 eða 52% fullmenntaðir píparar og eru erlendir píparar 87 eða 28% af heildinni. Nemar sem starfa hjá fyrirtækjunum eru 62 eða nær 24%.

Könnunin var unnin af **Outcome** fyrir Samtök iðnaðarins í apríl til maí 2024. Innan fyrirtækjanna sem þátt tóku í könnuninni starfa um 19% af heildarfjölda starfandi í greininni og náði könnunin til fyrirtækja innan Félags pípulagningameistara sem skilgreind eru sem fyrirtæki í pípulögnum samkvæmt ÍSAT staðli Hagstofu Íslands.

Starfsfólk í pípulögnum  
Niðurstöður spurningakönnunar



■ Íslenskir píparar ■ Erlendir píparar ■ Nemar ■ Aðrir

